

Applicon selur og innleiðir bankakerfi fyrir SBAB Bank í Svíþjóð

REYKJAVÍK - 27. september 2016

Applicon AB í Svíþjóð, dótturfélag Nýherja hf., skrifaði í dag undir samning um sölu og innleiðingu á kjarnabankakerfum fyrir SBAB Bank AB þar í landi.

SBAB Bank AB er sænskur banki sem sérhæfir sig í lánveitingum og sparnaðarlausnum til einstaklinga, fasteignafyrirtækja og húsnæðissamtaka. Hjá bankanum starfa um 450 manns í Stokkhólmi, Gautaborg, Karlstad og Malmö. Bankinn er í eigu sænska ríkisins og er með um SEK 303 milljarða í útlán en um SEK 80 milljarða í innlánnum. Fjöldi útlána er um 350.000. Moodys gefur bankanum Aaa í langtímaeinkum.

SBAB mun innleiða kjarnabankakerfi frá SAP AG ásamt tengdum viðbótarlausnum frá Applicon. Applicon selur kerfin og sér um innleiðinguna, auk þess að sjá um tengingar við önnur kerfi bankans og við sænska greiðslumiðlun. Innleiðingarferlið er áætlað allt að 3 ár og mun hafa jákvæð áhrif á tekjur og rekstrarniðurstöðu Nýherjasamstæðunnar næstu misseri. Samningurinn mun enn fremur skjóta styrkum stoðum undir þann rekstur sem Applicon félögin hafa byggt upp síðustu ár sem leiðandi í innleiðingu, ráðgjöf og rekstri á alþjóðlegum kjarnabankalausnum. Að lokinni innleiðingu mun Applicon AB sjá um hugbúnaðarrektur á kerfunum fyrir SBAB og sér þá um rekstur kjarnabankakerfi fyrir tvo af tíu stærstu bönkum Svíþjóðar, SBAB Bank og Landshypotek Bank.

„Bankar á Norðurlöndum eru í auknum mæli að endurnýja kerfi sín og takast á við þá stafrænu byltingu sem á sér stað í bankaheiminum. Það er okkur mikil viðurkenning að SBAB taki þetta skref með okkur og endurspeglar samkomulagið trú markaðarins á þekkingu og lausnum Applicon,“ segir Finnur Oddsson forstjóri Nýherja.

Nýherji hf.

Nýherji er samstæða fyrirtækja í upplýsingatækni. Nýherji er þjónustufyrirtæki og hlutverk þess felst í að aðstoða viðskiptavinum að ná enn betri árangri í sínum rekstri með aðstoð upplýsingatækni, sérfræðiþekkingu starfsfólks og lipurri þjónustu. Hlutabréf Nýherja hf. eru skráð í NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöll Íslands) undir auðkenninu NYHR. Dótturfélög Nýherja eru Tempo, TM Software og Applicon á Íslandi og í Svíþjóð.

Í stjórn Nýherja eru Benedikt Jóhannesson, stjórnarformaður, Hildur Dungal, Emilía Þórðardóttir, Ívar Kristjánsson og Loftur Bjarni Gíslason. Guðmundur Jóh. Jónsson er varamaður í stjórn. Finnur Oddsson er forstjóri Nýherja.

Nánari upplýsingar

Finnur Oddsson forstjóri í síma 862-0310 eða fo@nyherji.is og Gunnar Petersen framkvæmdastjóri fjármálasviðs í síma 825-9001 eða gp@nyherji.is.

Til athugunar fyrir fjárfesta

Nýherji vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins, en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna af birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar fréttatilkynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.